



Borgarráð

Byggingaréttargjöld í Árskógum 1-3

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að eingöngu verði greidd gatnagerðargjöld af auknu byggingarmagni í Árskógum 1-3 en ekki byggingarréttargjald.

Greinargerð:

Félag eldri borgarara er nú komið af stað með byggingu íbúða í Skógarseli. Lóðinni var úthlutað til Félags eldri borgara og greiddi félagið fyrir byggingarrétt á lóðinni miðað við það byggingarmagn sem að deiliskipulag fyrir lóðina heimilaði þá. Síðan var gerð breyting á deiliskipulagi lóðarinnar sem að heimilar meira byggingarmagn á lóðinni en var í upphafi. Óskar félag eldri borgara eftir því að því að félagið fái þetta aukna byggingarmagn án þess að greiða fyrir það byggingarréttargjald.

Ástæða þessarar beiðni er að að talsverðar tafir hafa orðið á því að félagið gæti hafið byggingarframkvæmdir sem hefur valdið verulegum auknum kostnaði. Í ljós kom að það þurfti að færa frárennslisrör svo hægt væri að byggja samkvæmt gildandi deiliskipulagi. Þá þurfti félagið að gefa eftir samninga við ÍR um að taka við jarðvegi en hluti af þeirri mold sem kom upp úr grunni hússins átti að fara til landmótunar á ÍR svæðinu. Það gekk hins vegar ekki eftir og nýtti borgin sér þetta vegna byggingar frjálssiþróttavallar. Þá hafa skipulagsbreytingar vegna ÍR og fleiri á svæðinu einnig gert það að verkum að endanlegt deiliskipulag fyrir svæðið tók talsvert langan tíma. Allt hefur þetta leitt til þess að félagið hefur orðið fyrir auknum byggingarkostnaði og óskar þess vegna eftir því að eingöngu verði greidd gatnagerðargjöld af þeirri aukningu á byggingarmagni á lóðinni sem að nú verður til með breyttu deiliskipulagi.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Erindi byggingarnefndar Félags eldri borgara í Reykjavík, ódagsett.

Vegna byggingu íbúða í Árskógum

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni er nú komið af stað með byggingu íbúða í Árskógum 1 og 3. Lóðinni var úthlutað til Félags eldri borgara og greiddi félagið fyrir byggingarrétt á lóðinni miðað við það byggingarmagn sem deiliskipulag fyrir lóðina heimiðaði þá. Síðan var gerð breyting á deiliskipulagi lóðarinnar sem heimilar meira byggingarmagn á lóðinni en í upphafi. Sú aukning var kærkomin en hafði afleiðingar í för með sér.

Talsverðar tafir urðu á því að félagið gæti hafið byggingarframkvæmdir og hafa þær valdið verulega auknum kostnaði. Í ljós kom að færa þurfti stórt og mikið frárennslisrör svo hægt væri að byggja samkvæmt áður samþykktu deiliskipulagi.

Skipulagsbreytingar gerðu það einnig að verkum að endanlegt deiliskipulag fyrir svæðið tók talsvert langan tíma og jók sá tími enn byggingarkostnað.

Allt hefur þetta leitt til þess að félagið hefur orðið fyrir auknum byggingarkostnaði og fer þess vegna fram á að eingöngu verði greidd gatnagerðargjöld af þeirri aukningu á byggingarmagni á lóðinni sem varð til með breyttu deiliskipulagi en ekkert byggingaréttargjald.

F.h. byggingarnefndar Félags eldri borgara í Reykjavík nágrenni.



Þorbergur Halldórsson,
formaður byggingarnefndar
Árskóga 1-3, Reykjavík.